



KAUPHÖLL ÍSLANDS
Iceland Stock Exchange

Alþingi
Erindi nr. P 130/500
komudagur 5.12.2003

Ágúst Geir Ágústsson
Efnahags- og viðskiptanefnd
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík, 4. desember 2003

Varðar: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um afnám verðtryggingar á fjárskuldbindingum, 99. mál.


Vísað er til bréfs efnahags- og viðskiptanefndar dagsett 12. nóvember sl. um umsögn um tillögu til þingsályktunar um afnám verðtryggingar á fjárskuldbindingum, 99. mál.

Kauphöllin telur ekki brýnt að takmarka heimildir til verðtryggingar fjárskuldbindinga frekar en gert hefur verið. Á árunum 1995-1998 var í áföngum dregið úr verðtryggingu á skammtímaskuldbindingum þannig að gert var óheimilt að verðtryggja styttri innlán en til þriggja ára og styttri útlán en til fimm ára. Þarna fannst jafnvægi milli sjónarmiða þeirra annars vegar sem vildu banna verðtryggingu fjárskuldbindinga og hinna sem vildu að sanningsfrelsi gildi um þetta efni.

Það er engin knýjandi nauðsyn til að leita að nýju jafnvægi milli þessara sjónarmiða. Verðtrygging fjárskuldbindinga snertir mikla hagsmuni. Mikilvægt er til að mynda að laga- og reglugerðarumhverfi sé ekki breytt þannig að það hafi áhrif á gerð og framboð verðbréfa nema góðar og gildar ástæður séu til breytinga. Ekki verður séð að takmörkun á framboði verðtryggðra verðbréfa sé í þágu almennings eða markaðarins. Þvert á móti hafa verið færð rök fyrir því að afnám verðtryggingar væri líklega skuldurum í óhag, m.a. er bent á athuganir Seðlabanka þessu til stuðnings. Í þessu sambandi má einnig benda á að erlendir fjárfestar hafa undanfarin misseri stóraukið kaup sín á innlendum verðbréfum og hefur áhugi þeirra einkum beinst að verðtryggðum skuldabréfum. Þessi þátttaka erlendra fjárfesta í markaðnum hefur sennilega leitt af sér lækkun á innlendu vaxtastigi.

Skipun nefndar um afnám verðtryggingar er því ekki forgangsverkefni. Verði hins vegar skipuð nefnd um þetta efni er Kauphöllin reiðubúin til að leggja sitt af mörkum til að málið fái rækilega skoðun.

Virðingarfyllt



Þóroddur Friðjónsson, forstjóri